



Reykjavík, 10. október 2025
USK25020273

Úrskurður örnefnanefndar um götuheitið Fífilsgata, mál 2/2025

Á 61. fundi götunafnanefndar þann 8. október 2025 var lagður fram úrskurður örnefnanefndar um götuheitið Fífilsgata, mál 2/2025.

Málsatvik

Með úrskurði dags. 18. febrúar 2025 beindi örnefndanefnd því til Reykjavíkurborgar að velja nýtt heiti á götuna Fífilsgata vegna líkinda heitisins við götuheitið Vífilsgata. Fífilsgata er ein af götum á lóð Landspítalans sem nefndar voru eftir þekktum íslenskum lækningajurtum. Gatan Fífilsgata er í beinu framhaldi af Hlíðarfæti og nær milli Hringbrautar og Vatnsmýrarvegar, við Fífilsgötu eru sem stendur engin staðföng.

Niðurstaða

Nefndinni þótti rétt að nafnið Fífilsgata falli út og í stað þess haldi Hlíðarfótur áfram norðan Hringbrautar að Vatnsmýrarvegi, líkt og fordæmi eru fyrir á Njarðargötu og Suðurgötu.

Tillaga

Á grundvelli þessa leggur götunafnanefnd til að heiti götunnar sem nú er skráð sem Fífilsgata verði breytt og framvegis verði gatan skráð sem **Hlíðarfótur**.

Brynjar Þór Jónasson
Byggingarfulltrúi
Umhverfis- og skipulagssvið



Reykjavík